

Á ári hverju er efnt til handiðnaðar- og listiðnaðarsýningu í München í Þýskalandi, og verður hún að þessu sinni 31. maí til 11. júní.

Íslenskir listiðnaðarmenn hafa tvívegis tekið þátt í sýningunni við góðan orðstír, og hlaut frú Ásgerður Búadóttir þar gullverðlaun fyrir myndvefnað fyrir nokkrum árum og íslenska sýningardeildin gullverðlaun fyrir smekklegt og frumlegt fyrirkomulag.

Á þessu ári verður íslenskum handiðnaðar- og listiðnaðarmönnum gefinn kostur á því, að frumkvæði vörusýningarnefndar, að sýna úrvalsmuni, og hefur svo samizt, að félag húsgagnaarkitekta sjái þar um íslenska deild. Frekari vitneskju um þetta er að leita hjá Hjalta Geir Kristjánssyni, formanni félagsins.

Aðeins mjög vel unnir og vandaðir gripir komast á sýninguna, og helzt koma til greina húsgögn, gull-, silfur- og málmsmíði, beinvinna, vefnaður, leirker og fleira, sem lýtur að hífylapryði.

Stjórnarkosning í Múrarafélagi Reykjavíkur hefst í dag kl. 1 í skrifstofu félagsins, Freyjugötu 27 og heldur áfram á sunnudaginn en lýkur á sunnudagskvöldið. B-listinn er borinn fram af vinstri mönnum í félaginu, en A-listinn af stuðningsmönnum ríkisstjórnarflokkanna.

X B-listinn.

Bærinn Drammen á Vestfold stendur undir bratttri, skógivaxinni fjallshlíð. Fjallið sjálft er draumaland bæjar-

búa, en það er óhægt um vik að komast þangað upp Til umræðu hefur verið að gera veg í sneiðingum upp fjallshlíðina, en nú hefur verið horfið frá því og gripið til annars úrræðis.

Það á nefnilega að gera veg, sem verður eins og vindustigi inni í fjallinu sjálfu, svo að ásynd þess haldist óbreytt. Þessi vegur verður níu metra breiður og hver hringur þrjátíu og fimm metrar í þvermál. Ekið verður að þessum hringvegi um jarðgöng frá gamalli grjótnámu bæjarins við hlíðarræturnar. Uppi á fjallsbrúnni á að gera stæði fyrir hundrað bifreiðir og byggja þar veitingahús.

Hringveginn á að opna á afmæli bæjarins í júnímánuði í sumar, og þegar hefur verið efnt til verðlaunasamkeppni um teikningar að veitingahúsinu. Allir Norðurlandabúar geta tekið þátt í henni, auk útlendinga, sem búsettir eru í Noregi.



Teikning af hringveginum í fjallinuofan við Drammen.



Bærinn Drammen undir hlíð fjallsins, sem íbúarnir vilja ekki lýta með steinsteyptum vegi.

Síðast liðinn miðvikudag var almyrkvi á sólu á allbreiðu beltí um sunnanverða Evrópu,

og var þá að sjálfsögðu uppi fótur og fit. Engar ýkjur eru, þótt fullyrst sé, að aldrei hafi

jafnmargt fólk séð sólmyrkva sem að þessu sinni. Því veldur ekki einungis, að hann fór yfir fjölbyggð lönd, heldur miklu frekar hitt, að myndum frá honum var sjónvarpað frá fjölda sjónvarpsstöðva. Voru þessar myndir teknar í þremur athugunarstöðvum — í Saint Michel í Frakklandi, Flórenz á Ítalíu og í Júgóslavíu.

Ekki var það sjónvarpið eitt, sem gerði þennan sólmyrkva eftirminnilegri en aðra sólmyrkva. Stjórnfræðingarnir tóku hina nýjustu og fullkomnustu tækni í sína þjónustu að þessu sinni, svo að þeir gætu sem best rannsakað þetta fyrirbæri, óháðir dutlungum veðurlagsins á jörðu niðri. Bæði í Ráðstjórnarríkjum og Frakklandi voru sendar á loft háfleygar þotur, og rússnesku vísindamennirnir notuðu jafnvel eldfiaugar með sjálfvirkum tækjum við rannsóknir sínar. Sjálfvirkar myndavélar í þessum eldflaugum tóku myndir af sólinni, þegar tunglið gekk fyrir hana, og síðan voru hylki þau, sem rannsóknartækin voru í, látin síga til jarðar í fallhlíf. Margvíslegum mælingum, sem tækin gerðu, var einnig endurvarpað til jarðar jafnótt.

Sólmyrkvinn hófst snemma morguns á meginlandi Evrópu í grennd við Bordeaux á Frakklandi, er þaðan lagðist hann í viðum boga yfir Suður-Frakkland, Norður-Ítalíu, Júgóslavíu, Rúmeníu, Búlgaríu, Suður-Rússland, norðaustur um Ráðstjórnarríkin og yfir Síberíu út til Íshafsins.

Bæði í Ítalíu og Júgóslavíu voru sérstaklega rannsókuð viðbrögð spendýra og hænsna, og var slíkom myndum sjónvarpað. Ekki varð séð að þeim, að dýrunum hafi brugðið svo mjög. Áftur á móti er sagt í fréttaskeytum, að dýr hafi víða hópað sig, og máfarnir í Bordeaux leituðu athvarfs í klettum skammt frá borginni.

Kvikmyndatökumenn notuðu sér sólmyrkvann, og voru til dæmis mynduð á Ítalíu atriði, sem á að fella inn í kvikmynd um Barabás, því að samkvæmt frásögn ritningarinnar á sólmyrkvi að hafa orðið krossfestingardaginn á Golgata.

Á annarri myndinni sést bærinn Drammen undir skógivaxinni fjallshlíðinni, sem bæjarbúar vilja ekki lýta með því að gera í hana veg, heldur kjósa frekar að höggva hann í bergið.

Á hinn myndinni sést teikning af hinum nýstárlega vegi, er verður eins og vindustigi inni í berginu. Þetta er vafalaust dýr vega-gerð, en kannske dregur líka þessi „bílástigi“ og veitingahúsið, sem reist verður á fjallsbrúnni, að ferðamenn, er jafni metin, áður en langt um liður.